

Nýtt sæluhús í Hafursey á Mýrdalssandi

Laugardaginn 3. marz s.l. var vígt nýtt sæluhús í Hafursey á Mýrdalssandi. Vigsluna framkvæmdi séra Jónas Gíslason sóknarprestur í Vík. — Voru þarna samankomin stjórn slysavarnadeildarinnar „Vonin“ í Vík, nokkrir úr björgunarsveitinni og gestir, alls um 30 manns.

Ragnar Þorsteinsson, Höfðabrekku, form. deildarinnar lýsti tildrögum að byggingunni og framkvæmd, en hann hafði yfirumsjón með verkinu, og var frá upphafi einn mesti hvatamaður að því.

Í Hafursey er búið að vera sæluhús frá því um aldamót, en hafði oft verið endurbætt og haldið við þar til árið 1959 að þakið fauk af því. Þá gekkst slysavarnadeildin „Vonin“ fyrir því, ásamt Slysavarnafél. Íslands, að þarna yrði byggt nýtt. Inn í þetta gengu síðan 2 aðilar: Vegagerð ríkisins og sýslusjóður V.-Skaftafellssýslu. — Síðan var hafizt handa um bygginguna vorið 1961. Kaupfélag Skaftfellinga og Verzlunarfélag Vestur-Skaftafellssýslu, gáfu sem-ent í grunninn, sem stjórn deildarinnar, og nokkrir sjálfbóaliðar tóku að sér að koma upp. Valmundur Björnsson smiður í Vík veitti þar ómetanlega aðstoð, endurgjaldslaut, sem ber sérstaklega að þakka.

Veggir og þak var reist af Sigurlinna Péturssyni byggingameistara í Rvík.

Slysavarnafélag Íslands setti inn-réttingu í húsið svo sem svefnstæði, bekkir, hillur, svo og vistir, fatnað og hitunartæki.

Er húsið allt málað að innan og mjög vistlegt.

Ætti þetta því að geta orðið góður samastaður fyrir þá sem þangað þurfa að leita, og hefði áreiðan-

lega verið undanfarin 2 ár ef það hefði verið komið.

Nú er það helzta áhugamál allra hér að yfirvöldin sjái sér fært að leggja þangað síma, svo að þeir sem þangað leita, gætu þá látið til sín heyra. Að visu er þetta nokkuð kostnaðarsamt en von manna er samt sú, að þetta megi takast.

— Stefán.

Listaverkasýning

Í dag, laugardaginn 10. marz, opnar Sigurður Kristjánsson, listmálari, málverkasýningu að Týsgötu 1 klukkan 2. Sýndar eru um 20 myndir, allar gerðar á síðasta ári og þessu. Þetta er þriðja sýning Sigurðar og má kallast afmálissýning, þar sem hann er nýorðinn 65 ára. Sýningin er opin kl. 2—7 síðd. daglega og er aðgangur ókeypis.



Í kvöld er hin langþráða frumsýning á My Fair Lady, sem allir hafa beðið með óþreyju langa stund — því að þótt tímalega séð sé stutt síðan ákveðið var að sýna þennan söngleik hér, finnst þeim langt, sem bíður. Hér er ladyin, Vala Kristjánsdóttir, ásamt prófessor Higgins, Rúrik Haraldssyni, sem tók hana að sér og gerði úr henni hefðarmær, en hvernig hann fór að því segjum við ekki núna. Það má ekki spilla eftirvæntingu leikhúsgesta.

4 flugslys á 24 tímum - Allir um borð fórust

NTB—Róm, 9. marz.

Í dag var vitað að 32 menn hafa farizt í fjórum flugslysum í gærkveldi og fyrri hluta dagsins í dag. Í öllum fjórum slysum fórust allir þeir, sem um borð voru. Flök þriggja flugvélna eru fundin, en olíubrák á Norðursjónum gefur bendingu um afdrif hinnar

fjórdðu. Eitt flugslysið varð í Tyrklandi, annað í Frakklandi, þriðja á Ítalíu og það fjórða í Norðursjónum.

Í kvöld fannst flak tyrkneskrar áætlunarflugvélar, sem hefur verið saknað síðan í gærkvöldi á leið inni frá höfuðborginni Ankara til Adana við landamæri Sýrlands. Flakið fannst í fjöllum norðvestan Adana.

Mistök í blindlendingu?

Öruggt er, að þeir 11, sem um borð voru, hafa farizt. Það var 5 manna tyrknesk áhöfn, sex tyrkneskir farþegar og tveir bandarískir hermenn.

Rétt áður en slysið vildi til, hafði flugstjórinn samband við flugvöllinn í Adana og bað um landingarleyfi. Þar sem landingarskilyrðin voru mjög óhagstæð vegna regns og hagléls, bað flugturninn hann um að lenda blindlendingu. Síðan heyrðist ekkert frá flugvélinni.

3 hreyflar óvirkir

Bandarísk C-140 flugvél hrapaði í dag á æfingaflogi í fjöllum um hverfis bæinn Alecon í Normandí í Frakklandi. Um borð voru 15 Bandaríkjamenn.

Leitarflugvélar fundu flakið fljótleiga, og björgunarsveitir fóru á vettvang. Í kvöld höfðu aðeins 5 lík fundizt af 15. Þau fundust í flakinu, og er nú leitað að hinum 10.

Þessi fjögurra hreyfla vél sást síðast á flugi yfir Alecon seint í gærkvöldi og voru þá þrír hreyflar hennar óvirkir.

Fórust á tindi Veline

Þorpsbúarnir í Avennazo, 120 kílómetrum austan Rómar, þrömmuðu í kafaldsbyl upp á tind Veline fjalls til þess að bjarga hinum 5 farþegum DC-6 einkaflugvélar, er

hafði hrapað þar á leiðinni frá Súdan til Rómar. Þegar þorpsbúar

(Framhald á 15 síðu)

SPILAKVÖLD

Félag ungra Framsóknarmanna heldur spilakvöld fyrir unglinga í kvöld kl. 8 í Tjarnargötu 26.

Eftir að búið er að spila, verður hljómplötukynning.

Þeir unglingar, sem eiga plötur með danslögum, eru beðnir að hafa þær með sér.

Aðgangur ókeypis.

Framsóknarmenn í launþega-samtökunum

Næstkomandi sunnudag 11. marz, verður haldinn fundur í Framherja, og hefst hann kl. 2 e. h. — Áriðandi mál á dagskrá. — Þórarinn Þórarinnsson, alþm. og Einar Ágústsson, sparisjóðs-stjóri, mæta á fundinum og segja fréttir af stjórnmálunum og svara fyrirspurnum.

Fjölmennið og mætið stund-víslega. — Stjórnin.

25 ÍSLENZKAR KONUR SÝNA ÝMSA LISTMUNI

Í dag verður opnuð sölusýning á listiðnaði 25 íslenzkra kvenna í Snorrasal að Laugavegi 18, 3. hæð. Fyrir sýningunni stendur tímaritið Melkorka.

Sýning þessi á listiðnaði íslenzkra kvenna er sú fyrsta sinnar tegundar. Taka þátt í henni 23 konur úr Reykjavík, ein úr Hveragerði og ein frá Seyðisfirði, og eru sýningarmunir 80. Á sýningunni kennir margra grásamla þar sjálfmish-

konar silfur og smelt skrautmuni, hnýtt og ofin teppi, trefla og sjöl og margt fleira.

Nýjar stefnur

Flest allir þeir munir, sem á sýningunni eru, hafa verið gerðir á síðustu árum, og enginn þeirra mun vera eldri en 10 ára. Ber sýningin þess vitni, að um nýjar stefnur er að ræða í listiðnaði, en þó er mikill hluti sýningarmuna unninn úr íslenskri ull og þá aðallega í hinum réttu sauðalitum.

Aðgangur ókeypis

Tílefni þessarar sýningar mun vera að sýna hvað íslenzkar konur gera í dag. Flestar konurnar, sem þarna sýna, hafa stundað nám að einhverju leyti við Handiða og myndlistarskólann, en nokkrar hafa stundað nám erlendis.

Sýningin verður opnuð eins og fyrr segir kl. 15 í dag og verður hún opin í 10 daga frá kl. 14 til 22 dag hvern. Aðgangur er ókeypis, og flestir munanna, sem sýndir eru, verða til sölu.